

XXV. TILVITNUNARMERKI (GÆSALAPPIR)

125

Gæsalappir eru notaðar til að afmarka beina ræðu í frásögn, orðrétta tilvitnanir, einstök orð og orðasambönd (m.a. til að gefa í skyn háð eða að málnotkunin sé ekki heppileg eða fullgild) og til að skýra merkingu orða og orðasambanda. Athuga að íslenskar gæsalappir eru þannig að þær fremri eru niðri og snúa eins og talan 9 en þær aftari eru uppi og snúa eins og talan 6.

Bangsi litli sagði: „Það hefur einhver setið í stólnum mínum.“

„Bara að ég hefði aldrei tekið lykilinn,“ hugsaði Pétur.

Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur.“

Ásgeir mælti: „Afi sagði við mig: „Hertu þig nú.““

Ásgeir mælti: „Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur“ þegar hann vildi hvetja mig.“

Fyrirtækið fékk sérstaka viðurkenningu fyrir „lofsvert framtak við að styðja langveik börn og fjölskyldur þeirra“.

Þessi „trausti vinur“ sveik mig illilega.

Mér hefur aldrei fundist hann sérlega „sympatískur karakter“.

Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukkutíma“.

Orðtakið „að hrökkva upp af klaknum“ merkir ‚að deyja‘.

Nota má einfaldar gæsalappir í stað tvöfaltra ef um er að ræða allt annað en beina ræðu eða tilvitnun.

Orðið *fákur* merkir ‚hestur‘.

Mér hefur aldrei fundist hann sérlega ‚sympatískur karakter‘.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.